

Viðbætur.

Bréf biskups (til allra prófasta).

Eins og kunnugt er, er prestum hér á landi í tilsk. 27. maí 1746 boðið að húsvitja á hverjum bæ í sóknunum sínum að minsta kosti tvisvar á ári og jafnvel optar, þar sem svo á stendr. En alt fyrir það mun það hafa orðið almenn venja hér á landi að húsvitja að eins einu sinni á ári, og má, ef til vill, telja henni margt til málbóta, eins og tilhagar hjá oss með viðlendi sumra prestakalla, veðráttufar og fleira, enda mundi þetta og vera viðunanlegt, ef húsvitjanirnar væru svo af hendi leystar, eins og vera ber og löggjafinn hefir til ætlast, Það er óyggjandi, að hver sá prestur, sem lætur sér ant um köllun sína og er virtr og elskaðr af söfnuði sínum, getur í húsvitjunum sínum komið mjög miklu góðu til leiðar, ef hann nákvæmlega fylgdi boðum löggjafarinnar í þessu efni, sem býður prestum ekki einungis að líta eptir uppeldi barna og grenzlast eptir bóklestri þeirra og kunnáttu í kristindóminum, heldr og að sjá um, að alstadar séu til nógar guðsordabækr og yfir höfuð að reyna til að efla gott samlyndi og sannan guðsótta á heimilunum. Auk þess sem slíkar húsvitjanir, þegar þær eru gjörðar með alúð og kærleiksfullri vandlætingu hljóta að efla hylli og álit sóknarprestisins hjá öllum góðum mönnum, þá eru þær síðferðislegt aðhald bæði fyrir eldri og yngri til að vanda ráð sitt og einkanlega eru þær það bæði fyrir unglunga til að vekja áhuga þeirra á að læra og viðhalda því, sem þeir nema, og sömuleiðis fyrir foreldra og húsbændr til að láta sér ant um framfarir barnanna.

Af því að það orð leikr á, að hirðuleysi um húsvitjanir sé á seinni árum að fara í vöxt hér á landi, og að einstakir prestar húsvitji ekki í söfnuðum sínum svo árum skiptir, eða séu jafnvel hættir því, og þetta er alveg óþolandi óregla, finn eg mig knúðan til hér með þenustusamlega að biðja yðr, herra prófaster, um leið og þér birtið prestunum í yðrar prófastsdæmi þetta bréf mitt, að áminna þá um að fullnægja rækilega hér að lútandi skyldu sinni og sömuleiðis láta mig vita, skyldi nokkur þeirra mót von minni sýna tregðu eða tómlæti í svo áriðandi efni.

Reglur fyrir færslu kirkjureikninga (samdar af biskupi).

A, Inntekt.

1. Fasteignarhundruðin reiknist saman eptir hinni nýu jarðabók, staðfestri með tilsk. 1. apríl 1861, og skulu engar jarðir né ábyli þar frá undanskiljast, nema órækar ástæður séu fyrir að lögum og landsvana.
2. Hin tíundarbæru lausafjrhundruð teljist saman eptir sönnuðum útskriftum af sveit-
arþókuðum, er hreppstjórar árlega gefa prestum.
3. Tíundin af hinum þannig tíundarbæru fasteigna- og lausafjrhundruðum reiknist út

1) Bréf þetta og þau 3 skjöl, er koma á eptir því, eru prentuð eptir tilmælum biskups, með því það virðist æskilegt að brýna þau á ný fyrir hlutadeigöndum og sér í lagi vekja athygli hinna yngri presta á þeim, og með því, að bréflu um húsvitjanir og meðhjálpara presta á svo verulegan hátt snerta samband milli presta og safnaða, að þau virðast eiga að koma fyrir sjónir almennings.

Hinn 31. desember 1874.

53
9da apríl
1866.

54
28da febr.
1867.

54 28 la febr. 1867. samkvæmt gildandi lögum, og útfærist til dalatala, hvert álnarvirði reiknað eptir meðalalin þeirrar verðlagsskrár, er gildir við lok hvers fardagaárs, kirkjunni til inntektar (sbr. opið bréf 18. marz 1853). Taki kirknafjárhaldsmenn kirknatúndir í lakari aurum, en meðalalin svarar, hafa þeir sjálfir skuld og skaða á því.

4. Ljóstollar lúkist, eins og lög til standa, og hvert pund í þeim reiknist kirkjunni til inntektar eptir verðinu á tölgi í verðlagsskrá þeirri, er gildir þann vetr, er þeir eiga að lúkast á.

5. Legkaup greiðist samkvæmt lögum og útfærist í dalatali kirkjunni til inntektar, hver alin reiknuð eptir gildandi meðalalin á þeim tíma, þá þau tilfalla.

6. Öll önnur gjöld og gjafir færast kirkjunum til inntektar afráttarlaust.

B, Útgjöld.

1. Verð á víni og bakstri handa altarisgöngufólki setjist eptir innkaupsverðinu á því. Af víninu má reikna kirkjunni til útgjalda einn pott víns handa hverjum 15 manns, sem yfir fermingu eru komnir í sókninni það ár, sem reikningrinn er saminn fyrir.

2. Til lýsingar skal hafa 32 til 36 pund tölgar árlega á alkirkjum eptir stærð þeirra, og svo að tiltölu minna eptir því sem kirkjan er tvíþriðjunga, helminga eða þriðjunga kirkja. Þar að auki má reikna þóknun fyrir ljósagarn og steypingu alt að 1 rd. 48 sk. Tölgarpund þau, er til lýsingar ganga, reiknist eptir sama mælikvarða til útgjalds, eins og ljóstollar eru reiknaðir til inngjalda.

3. Vísitázu- og revisions-laun reiknist að lögum eptir meðalalin þeirri, er gildir, þá vísitázu fer fram.

4. Öll hin önnur útgjöld færast eptir sanngirni eða samkvæmt framlögðum reikningum, og heyra þau smærri undir hlutadeigandi sóknarprests álit og prófasts úrskurð, en hin stærri útgjöld, þau er nema 30 rd. eða meiru, mega ekki gjörast án biskupsleyfis, nema brýn og ófyrirsjáanleg nauðsyn beri til, en þau, sem nema 100 rd. eða meiru, má aldrei gjöra án hans leyfis.

5. Engin þau skylduverk má færa kirkjunni til útgjalda, sem sóknarbændr eru skyldugir að leysa af hendi eða kosta sjálfir (reglugj. 17. júlí 1782, § 15).

6. Þóknun fyrir flutning og verzlun kirkjugjalda má taka með einum tíunda ($\frac{1}{10}$) þeirra í Skaptafellssýslum, Rangárþingi, Barðastrandar- og Dala-prófastsdæmi, en með einum sextánda ($\frac{1}{16}$) þeirra í hinum öðrum prófastsdæmum landsins; og fyrir skrúða- og kirkjuþvott alt að 2 rd., eptir því sem héraðsprófastrinn nákvæmar ákveðr á hverjum stað.

Það mun lengi hafa verið almenn ósk héraðsprófasta, að fá fastar grundvallarreglur fyrir færslu kirkjureikninga hér á landi, og í því skyni sendi prófastrinn í Dalasýslu uppástungur um það efni til biskupsdæmisins 1865, og voru þær sama ár bornar undir synodus, sem fal braudamatsnefndinni á hendr að segja um þær álit sitt, er hún einnig gjörði í bréfi, dags. 29. júní f. á. Á tæðum uppástungum eru þessar reglur byggðar með hliðsjón af bréfi braudamatsnefndarinnar, og miða þær til að koma meiri samhljóðun á færslu kirkjureikninganna, en verið hefir, en það leiðir af sjálfu sér, að slíkar almennar reglur geta þó ekki komið í veg fyrir, að efi og ágreiningr kunni, þegar svo ber undir, að koma upp um einhver sérstakleg atriði. Það er andvitað, að þessar reglur gilda ekki um færslu reikninga hinna svo kölluðu *kongskirkna*, sem heyra undir endrskoðun og úrskurð hlutadeiganda stjórnarráðs.